

Yfirskrift	Fundargerð stjórnar FFR				
Stjórnarfundur nr. 1 2016	1	Dagsetning	4. mars 2016	Tími	11:30 – 13:00
Fundarstaður	Mannvirkjastofnun				
Fundarstjóri	BK				
Ritari	BK				
Mættir (fjarverandi)	Sennileg mæting: BK, HÓS, GSB, BE, KLÁ, MH, SLB				
Fylgiskjöl					
Vistun gagna					

Dagskrá stjórnarfundar FFR 4. mars 2016

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin var send á stjórn og engar athugasemdir bárust.

2. Hugmyndir um að ráða starfsmann eða útvista vissum verkefnum stjórnar FFR, og 5.000.000 kr styrkur til FFR

Umfang verkefna stjórnar FFR mun aukast mikið vegna væntanlegra breytinga á starfsumhverfi forstöðumanna og verkefna sem myndast vegna nýrra laga um opinber fjármál. Allir stjórnarmeðlimir eru í meira en fullu starfi og ekki raunsætt að þeir taki að sér mikla vinnu fyrir FFR. FFR hefur nú fengið 5.000.000 kr til að sinna verkefnum varðandi ofangreint og eðlilegt að verkefnastjóri sé ráðinn í hlutastarf til að halda utan um verkefnin. Skoða ber hvort ráða eigi starfsmann til þessara verka og hvort hækka eigi félagsgjöld til að standa straum af því til framtíðar. KLÁ, BK skoða málið nánar og munu leita ráðgjafar hjá Ársæli Guðmundssyni, fyrrum formanni skólameistarafélagsins (sem er með starfsmann). Einnig mun BK skoða hvort hægt væri að tengja félagsmenn FFR við betri lögfræðivernd hjá öðrum aðilum.

3. Undirbúningur aðalfundar í lok maí, lagabreytingar, félagsgjöld

Tillaga hefur komið fram um að sameina stjórn og varastjórn FFR. Gera þarf tillögu að lagabreytingu vegna þessa. BE og KLÁ skoða þetta. Eins verður að taka ákvörðun um félagsgjöld, sjá lið 2. BK stingur upp á að aðalfundur verði haldinn annað hvort þriðjudag 17. maí kl. 11-13 eða fimmtudag 19. maí kl. 11-13. Fundurinn verði með sama sniði og í fyrra.

4. Næstu morgunverðarfundir og félagsfundur FFR í vor

Næstu morgunverðarfundir í samvinnu FFR og SSS eru:

a) 31. mars: Áhrif stjórnunarháttá á heilsu og líðan starfsfólks - hvað virkar til farsældar?

b) Um miðjan apríl: Morgunverðarfundur um nýju lögum um opinber fjármál. Ágúst Ólafur Ágústson, lektor sem kennir opinber fjármál í MA náminu í stjórnsýslufræðum er tilbúinn að vera með erindi/framsögu. Hér þarf að fá fjármálaráðuneytið til segja til um hvaða þeir myndi vilja leggja fram eða við segjum til hvaða fókus verður á þeirra framsögu(um). Í vinnslu.

c) Um miðjan maí: "Opin gögn hjá opinberum aðilum: aðgangur, gagnsæi og nýsköpun". ISS og Sjöfn

Vilhjálmsdóttir hittust og ræddu málið.kum hugarflug. Búin að ræða þetta við Guðbjörgu í Innanríkisráðuneytinu og Tryggva Björgvinsson sem hefur unnið mikið fyrir stjórnvöld að þessum málum - hann var mjög jákæður. Hugmynd að fá bæði einhvern úr kerfinu til tala og síðan líka aðila sem hafa verið að nýta sér opinn aðgang að opinberum gögnum til nýsköpunar. Líka fá einhvern til að ræða þetta út frá "gagnsæisvinklinum". Í vinnslu .

Morgunverðarfundirnir verða haldnir á Grand hóteli sem venja er kl. 8:30-10:00.

Einnig hefur verið kallað eftir félagsfund í apríl (fyrir aðalfundinn í maí).

SSS hefur einnig spurt hvort FFR hafi áhuga á að vera nefnt sem samstarfsaðili á ýmsum öðrum námskeiðum og fundum sem SSS haldi. Verklagið yrði þá að SSS sendi BK lista yfir mögulega fundi og BK samþykki að FFR sé samstarfsaðili að þeim fundum sem falla að starfsemi FFR.

5. Útsending af fundum og aðgengi að fundarefni á vef

FFR og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála (SSS) hafa rætt við Grand Hótel um beina útsendingu af morgunverðarfundum. Kostnaður við slíkt er gríðarlegur (um 200.000 kr per fund) og því höfum við fundið lausn sem einungis kostar 25.000 kr per fund. Lausnin er þannig að hljóð á morgunverðarfundum verður tekið upp og að þannig geti félagsmenn fengið hljóðskrá senda ef þeir biðja um það hjá Sjöfn Vilhelmsdóttur, framkvæmdastjóra SSS sjofn@hi.is. Fundarefnið og PowerPoint kynningarefni verða vistað á sérstökum vef SSS, <http://www.stjornsyslustofnun.hi.is/node/1060> . Þar eru þegar PowerPoint kynningarefni fyrir þá fundi sem haldnir hafa verið síðustu mánuði.

6. Vefur FFR

Ársæll Guðmundsson hefur tekið að sér að láta færa vef FFR inn í Wordpress umhverfið, sem er mun auðveldara í rekstri en núverandi kerfi. Skrifað hefur verið undir samning við Hype upp á 465.000 kr með VSK.

7. Starfskjaranefnd og áfrýjun dómsmáls til Hæstaréttar

Ákveðið hefur verið að áfrýja dómsmáli Valbjörns vegna þrautþrautavarakröfu til Hæstaréttar og hefur lögmaður félagsins, Lára V. Júlíusdóttir gengið frá því. Ekki er vitað hvenær málið verði tekið fyrir.

8. Nefndastörf stjórnarmanna á vegum FFR – yfirlit

HÓS sendi samantekt til stjórnar yfir ýmis nefndastörf stjórnarmanna FFR. Þetta er mjög gott yfirlit og við ættum að halda þessu skjali við, ef verkefni bætast við.

9. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin upp.

Fundarritun BK (þess vegna er fundargerðin nokkuð knöpp að þessu sinni).